

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/2002 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2001.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er auglýst var lokið 31. október 2001.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 20. apríl 2002.

Reykjavík, 27. mars 2002.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.